

Mál nr. 68/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar vinnuveitanda (S)

Kona slasaðist þegar hún datt þegar hún var að taka heita plötu úr ofni þ. 16.6.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 18.2.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V dags. 8.3.2011

Málsatvik.

M vann í eldhúsi S og fór að bakarofni til að taka úr honum stóra plötu með böfum sem verið var að baka. Vegna þess hvað aðstaða var þröng þurfti M að bakka frá ofninum með heita plötuna og datt vegna aðskotahlutar sem var á gólfinu og slasaðist. Fyrirsvarsmaður S segir að Vinnueftirlit ríkisins hafi verið kallaðir á staðinn og segir fyrirsvarsmaður S að það hafi ekki talið að neitt væri að aðbúnaði á staðnum. Engin skýrsla eða umsögn liggur fyrir um þetta frá Vinnueftirlitinu. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu vinnuveitanda sins S hjá V og bendir á að M hafi dottið um plastlok sem var á gólfinu og það hafi verið aðgæsluleysi einhvers starfsmanns S sem hann beri vinnuveitandaábyrgð á sem hafi valdið slysinu. V hafnar bótaskylduog telur að ekkert liggi fyrir í málinu sem megi rekja til saknæms vanbúnaðar á vinnustað hennar. V segir að öll gögn málsins beri með sér að um óhappatilvik hafi verið um að ræða.

Álit.

Ekki verður annað séð en sú aðstaða sem fyrir hendi var í eldhúsi S hafi verið verulega ábótavant. Ekkert liggur fyrir í málinu varðandi aðkomu Vinnueftirlits ríkisins annað en fullyrðing fyrirsvarsmanns S. Ekki verður séð að M hafi sýnt af sér gáleysi við störf sín heldur hafi hún ekki átt annan kost en að framkvæma þau með þeim hætti sem hún gerði, en það bauð upp á verulega hættu. Ekki verður annað séð en frumorsök slyssins sé slæm aðstaða og vanbúnaður á vinnustað og ber S ábyrgð á því. M á því rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 21.3. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.